

BORGARRÁÐ 11. október 2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um heildarkostnað við Hlemm Mathöll - R17070118

Í fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins kom fram að heildarkostnaður við Mathöllina við Hlemm væri um þrefalt hærri en upphaflega var gert ráð fyrir en frumkostnaðaráætlun hljóðaði upp á 107 milljónir króna. Heildarkostnaður við Mathöllina endaði hins vegar í 308 milljónum króna. Með hliðsjón af því er spurt: 1. Hverjar eru árlegar tekjur Reykjavíkurborgar af Mathöllinni? 2. Hvað innheimtir Reykjavíkurborg háa leigu fyrir Mathöllina hvern mánuð? 3. Hvað fær Reykjavíkurborg í sinn hlut af mismun framleigu til þriðja aðila, þ.e.a.s. ávinning af hærra endurleiguverði?